BOGVEIÐIFERÐ TIL GRÆNLANDS 2020

BOGVEIÐIFÉLAG ÍSLANDS

LAX-Á

Bogveiði á Grænlandi 2020.

Lax-á hefur sett saman einstaka ævintýraferð til Grænlands næsta sumar í samstarfi við Bogveiðifélag Íslands. Um er að ræða tilboðsferð fyrir bogveiðimenn á Íslandi. Þessi ferð er því eingöngu ætluð bogveiðimönnum. Gerð er krafa um að veiðimenn hitti hjarta eða lungu á 60 metra færi. Kostur er ef veiðimenn hafi farið á IBEP bogveiðinámskeið eða sambærilegt.

Dagssetningar í boði 2020:
25 – 29 ágúst (3 -6 sæti)
8 – 12 september (3 – 6 sæti)

Verð er kr. 350.000.- pr. mann. Þá er miðað við eitt hreindýr á mann. Taka má 10 kg af kjöti heim til Íslands.Hreindýraveiðar á Grænlandi eru stórkostleg skemmtun og ef eitthvað er mun skemmtilegri en hér heima á klakanum. Mikið er af dýrum og veiðisvæðið víðfemt. Farið er til veiða á bátum og svo er læðst að dýrunum þegar búið er að finna þau frá sjó. Dýrin eru stór og falleg,

gaman er að eiga stund með frændum vorum á kvöldin og kynnast siðum þeirra og háttum.

Innifalið í pakkanum er flug til og frá Grænlandi, bátsferðir frá flugvellinum í Narsarsuaq til Lax-á veiðibúða og til baka til Narsarsuaq, einn leiðsögumaður á hverja 4 veiðimenn, 4 veiðimenn í hverjum bát, flutningur á dýri og vinnsla, fullt fæði og gisting í veiði-búðum Lax-á , tveir eru í hverju herbergi. Einstök sjóbleikjuveiði er í hinum ýmsu ám og vötnum. Sjóstangaveiði er einnig góð á svæðinu.

Ef á þarf að halda þá eru öll veiðitæki til staðar í Veiðibúðunum, bæði til veiða í ám og á sjó. Það eru einnig frábærar gönguleiðir á svæðinu í þessu stórfenglega umhverfi , ein sú allra skemmtilegasta liggur beint úr búðunum yfir í Ísfjörðinn. Fjölbreytt dýralíf er á leiðinni svo sem ernir, rjúpur, snæhérar og hreindýr sem gleðja augað. Skemmtilegt er að fara heimsækja lítið þorp heimamanna Qassimiut, sem er í 30 mínútna siglingu, og kynnast aðstæðum heimamanna.

Þó að við segjum sjálf frá, þá eru Veiðihúsin á Grænlandi alveg sérlega falleg og notaleg og útbúin öllum nútíma þægindum sem er alveg einstakt í óbyggðum Grænlands. Við getum tekið við allt að 16 gestum í 8 rúmgóð timburhús. Til staðar eru bæði heitt og kalt vatn , sex sturtur og sex salerni. Gufubað er á staðnum og rúmgott hús þar sem við matreiðum og berum fram allan mat. Veiðihúsin eru þannig gerð að þau henta öllu aldurshópum, þetta er fábær

staður til að fara með fjölskyldu og vini eða fara með starfsfólk fyrirtækja og þjappa mannskapnum saman í stórfenglegri náttúru. Ein besta silungs-veiðiáin er alveg rétt við Veiðihúsin. Meðalþyngd bleikjunnar er um 3 til 4 pund og þær stærstu ná upp í 8 til 10 pund. Þess má geta að maturinn okkar í Veiðihúsunum er afskaplega hollur og kemur allur úr nærliggjandi náttúru, hreindýrasteikur, sauðnaut, frábært grænlenskt lambakjöt, alla daga ferskur fiskur úr sjónum og nýveidd bleikja.

Venjulega kemur fólk með sína eigin drykki en ef að upp á vantar þá eru til sölu bjór, vín og aðrir sterkari drykkir í Veiðihúsinu.

Frekari upplýsingar um svæðið okkar á Grænlandi má finna hér: https://www.lax-a.is/onnur-lond/graenland/

Áhugasamir hafi samband við Karl Steinar Óskarsson karl@lax-a.is Sími 893 6180